



Berist til:
Sveitarfélaga á Íslandi

Reykjavík, 21. júní 2019

Efni: Kjarasamningshækkunar á almennum vinnumarkaði – krafa um hækkun á mánaðarlegu framlagi sveitarfélags vegna NPA aðstoðarfólks frá 1. apríl 2019

Þann 3. apríl sl. undirrituðu heildarsamtök launþegahreyfinga á Íslandi og samtök atvinnulífsins nýja kjarasamninga og aðgerðarpakka sem sameiginlega hafa verið nefnd „Lífskjarasamningurinn“. Samningurinn tók gildi frá og með 1. apríl sl. og kveður meðal annars á um almennar launahækkunar verkafólks og aðrar kjarabætur.

Í framhaldi af undirritun lífskjarasamningsins hefur NPA miðstöðin unnið að því að undirbúa gerð nýs sérkjarasamnings við Eflingu/SGS vegna starfa NPA aðstoðarfólks. Samkomulag hefur náðst við fulltrúa Eflingar/SGS um að samþykkja nýjar launatöflur sem kveða á um sömu hækkunar og gilda á almennum vinnumarkaði, en frekari vinna við útfærslu annarra þátta í kjarasamningnum, s.s. vegna hvíldarvakta, bíður til haustsins. Um þá þætti er enn farið skv. eldri sérkjarasamningi. Meðfylgjandi er uppfærð launatafla NPA aðstoðarfólks sem gildir frá 1. apríl 2019.

Þar sem ný launatafla hefur tekið gildi og gildir afturvirkir frá 1. apríl 2019 er brýnt að sveitarfélög hækki framlög sín til NPA samninga svo NPA notendur geti staðið við kjarasamningsbundnar skuldbindingar sínar gagnvart starfsfólki. Hækkunin er afturvirk, svo sveitarfélög þurfa að sjá til þess að mismunur á framlagi sem greitt hefur verið fyrir apríl, maí og júní berist til notenda. Þá er einnig mikilvægt að taka tillit til þess að skv. lífskjarasamningnum var öllu starfsfólki tryggt 26.000 kr. viðbótargreiðsla ofan á orlofsuppbót sem greidd var út í maí.

NPA miðstöðin hefur uppfært útreikninga sína á mánaðarlegu framlagi til sólarhringssamninga í NPA með tilliti til nýrra launataflna. Þannig þarf jafnaðarstund NPA samnings sem kveður á um aðstoð allan sólarhringinn, þar sem notandi getur ekki nýtt hvíldarvaktir, að vera 4.913,04 kr. á klukkustund, eða 3.592.251 kr. heildarframlag á mánuði. Jafnaðarstund samnings sem kveður á um aðstoð allan sólarhringinn hjá notanda sem getur nýtt sér hvíldarvaktir þarf að nema 4.476,54 kr. á klukkustund, eða 3.267.877 kr. heildarframlag á mánuði. Jafnaðarstund samnings þar sem ekki er gert ráð fyrir næturvinnu, þ.e. hvorki hvíldarvöktum né vakandi næturvöktum, þarf að vera 4.733,62 kr. Útreikningarnir ásamt forsendum eru meðfylgjandi.

NPA miðstöðin ítrekar fyrirvara við framangreindan útreikning sem fram kemur í minnisblaði miðstöðvarinnar til sveitarfélaga frá 6. mars sl. Útreikningurinn tekur ekki tillit til margvíslegra kjarasamningsfundinna þátta sem laungreiðandi gæti þurft að greiða, s.s. sérstaks álags vegna útkalla á vakt þegar starfsmaður verður veikur, álags sem greitt er þegar breyta þarf vaktaskipulagi með litlum fyrirvara o.s.frv. Framangreindur útreikningur endurspeglar aðeins lágmarkskostnað NPA notanda þar sem enginn aðstoðarmaður sækir fræðslu eða þjálfun, verður veikur eða greiðir í iðgjald í séreignarsjóð

sem laungreiðandi þarf að greiða móttframlag vegna og engar uppákomur verða sem kalla greiðslur vegna viðbótarálags.

NPA miðstöðin minnir á að skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 ber framlag til launakostnaðar í NPA að standa undir launum og launatengdum gjöldum NPA aðstoðarfólks hverju sinni og að framlagið skuli „taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni.“ Sveitarfélögum ber þannig skylda til þess að uppfæra framlög sín til samræmis við ákvæði kjarasamninga eins og þeir eru á hverjum tíma.

Þess er óskað að sveitarfélög uppfæri framlög sín til NPA í samræmi við framangreint þegar í stað og leiðrétti framlög sín jafnframt afturvirkkt frá 1. apríl 2019. Telji sveitarfélög sér ekki skylt að uppfæra framlög sín af einhverjum ástæðum til samræmis við útreikninga NPA miðstöðvarinnar óskast rökstutt hvers vegna. Er þá jafnframt óskað eftir að sveitarfélög leggi fram eigin útreikninga til staðfestingar á því að framlög þeirra geti staðið undir launum og launatengdum gjöldum NPA aðstoðarfólks í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,
fh. NPA miðstöðvarinnar svf.,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

1. Nýjar launatöflur NPA aðstoðarfólks
2. Útreikningar NPA miðstöðvarinnar á framlagi sveitarfélaga til NPA samninga, miðað við kjarahækkanir í apríl 2019, ásamt forsendum.